

FW: Hjálagt er erindi sem óskað er eftir að tekið verðið til flýtimeðferðar hjá sveitarfélaginu

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Almennur póstur
Heiti : FW: Hjálagt er erindi sem óskað er eftir að tekið verðið til flýtimeðferðar hjá sveitarfélaginu
Málsnúmer : 2020090060
Málsaðili : Votlendissjóðurinn
Skráð dags : 14.09.2020 15:12:56
Höfundur : Almennur póstur

Viðhengi [Almennar leiðbeiningar agust2019.pdf](#)[Almennar leiðbeiningar agust2019.pdf](#)
[Um_endurheimt_votlendis.pdf](#)[Um_endurheimt_votlendis.pdf](#)
[Aðgerðaráætlun_endurheimt_votlendis.pdf](#)
[Aðgerðaráætlun_endurheimt_votlendis.pdf](#)
[Screenshot 2020-01-16 at 12.59.06.png](#)[Screenshot 2020-01-16 at 12.59.06.png](#)
[Horni Mosdal í Arnarfirði.jpeg](#)[Horni Mosdal í Arnarfirði.jpeg](#)

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi

450 8038 - tinnaolafs@isafjordur.is

From: Einar Þór Bárðarson

Sent: mánudagur, 14. september 2020 14:10

To: Ísafjarðarbær

Cc: Kristján Svan Kristjánsson ; Heiða Hrund Jack ; Axel Rodriguez Överby ; Brynjar Þór Jónasson ; Sigurjón Einarsson - LAND ; Gustav Magnús Ásbjörnsson - LAND ; Sunna Áskelsdóttir - LAND ; Iðunn Hauksdóttir

Subject: Hjálagt er erindi sem óskað er eftir að tekið verðið til flýtimeðferðar hjá sveitarfélaginu

Til þeirra er málið

Votlendissjóður og Skógar & Horn ehf. kt 700804-2830 eigandi jarðana Skóga landeignanúmer L140689 og Horns landeignanúmer L205347 í Mosdal við Arnarfjörð hafa gert með sér samning um endurheimt votlendis. Fyrirhugað er að vinna verkið núna í lok september. Horn og Skógar hefur undangengist úttekt Landgræðslunnar fyrir Votlendissjóð en samkvæmt þeirri úttekt er svæðið sem endurheimtin nær yfir um það bil 26 hektarar. Samkvæmt IPPC Milliríkjanefnd sameinuðu þjóðanna um loftslagsmála losar einn hektari um 19.5 tonn af CO2 á ári. Það þýðir að framkvæmdin mun stöðva losun á 520 tonnum af CO2 út í andrúmsloftið fyrir utan vatnsgæðin og náttúrlegan fjölbreytileika sem mun eflast til muna.

Með þessu erindi er óskum við eftir því að leyfi eða samþykki fyrir endurheimt votlendis á jörðunum verði tekið til flýtimeðferðar hjá sveitarfélaginu þannig að hægt sé að framkvæma fyrir snjóá tíð.

Almennt um verkið: Skurðir á því svæði sem áætlað er að endurheimta votlendi á eru um 6.1 km að heildarlengd. Fyrirhugað er að fylla upp í hluta þessara skurða að fullu með gömlum uppgreftri sem að þeim liggur en í öðrum skurðum er áætlað að gera litlar „stíflur“ með reglulegu millibili. Áhersla verður lögð á að vanda til verka, þjappa efni vel ofan í skurðstæði svo að fyllingar skolist ekki til og eins að taka til hliðar gróður úr skurðum og ofan af ruðningum til að þekja yfirborð rasksvæða og flýta þannig fyrir uppgræðslu þeirra. Hvað stíflurnar varðar skal þess gætt að þær verði nægjanlega öflugar og þéttar til þess að framkvæmdin takist vel, sem og að tjarnir á svæðinu skulu vera aðgrunnar. Verkið verður unnið með beltagröfu. Við þetta mun grunnvatnsborð á svæðinu hækka og hafa í för með sér endurheimt votlendis m.a. með tilheyrandi loftslagsávinningi. Vegna legu lands er ekki gert ráð

fyrir að áhrifasvæði framkvæmdarinnar nái út fyrir land jarðana er um ræðir.

Meðfylgjandi gögn með umsókninni sjálfri eru:

1. UM ENDURHEIMT VOTLENDIS - SKIPULAG OG LEYFI. Útgefið af Skipulagsstofnun
2. ENDURHEIMT VOTLENDIS, AÐGERÐARÁÆTLUN. útgefið af Umhverfissráðuneytinu
3. ALMENNAR LEIÐBEININGAR UM ENDURHEIMT. Útgefið af Landgræðslunni.
4. Kort af Horni og Skógum og skurðunum sem umræðir

Afrit frá fulltrúar Ísafjarðar í málaflokki og fulltrúar Landgræðslunnar sem er leiðbenandi aðili í framkvæmdinni.

Verktakinn sem vinna mun verkið er SUÐURVERK ehf sem vinnur nú í næsta nágrenni að Dýrafjarðargöngum.

“Endurheimtum míri, sköpum ævintýri”

Með kveðju og þökkum

Einar Bárðarson,
Framkvæmdastjóri
Votlendissjóður
Árleyni 22
112 Reykjavík
+354 618 9000

ainarb@votlendi.is

<https://votlendi.is/spurningar-og-svor/>

<https://www.facebook.com/votlendissjodur/>

<https://www.instagram.com/votlendi/>